

Minnisblað

Til: Velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar
Frá: Margréti Geirsdóttur og Sædísí Maríu Jónatansdóttur
Dags. 10. september 2018
Mnr. 2018050091



ÍSAFJARÐARBÆR

Í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 var kveðið á um þjónustuhóp aldraðra í 6. grein. Hjá Ísafjarðarbæ hefur starfað þjónustuhópur aldraðra sem hefur haft lögbundnar skyldur en hefur þjónustuhópurinn einnig séð um forgangsröðun á biðlista eftir þjónustuíbúð aldraðra og úthlutun íbúða eftir fyrirliggjandi forgangsröðun. Forgangsröðun á biðlista byggir á mati á andlegu og líkamlegu heilsufari, húsnæðisaðstæðum og félagslegum aðstæðum umsækjanda. Þá hefur aldur umsóknar og aldur umsækjanda einnig áhrif á forgangsröðun.

Lögnum um málefni aldraðra var breytt með lögum nr. 37/2018, með síðari breytingum (innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, stjórnsýsla og húsnæðismál). Lagabreytingin felur í sér að öldungaráð tekur við lögbundnu hlutverki þjónustuhóps aldraðra.

Lagabreyting laga nr. 37/2018 hefur nú þegar gengið í gegn hjá Ísafjarðarbæ. Í júní 2015 var gerð samþykkt fyrir öldungaráð sem tók til starfa í apríl 2016. Þjónustuhópur var hins vegar skipaður við upphaf síðasta kjörtímabils og starfaði hann til síðustu bæjarstjórnarkosninga síðastliðið vor. Eina hlutverk hópsins var að úthluta þjónustuíbúðum fyrir aldraða m.v.t. reglna um þjónustuíbúðir aldraðra í eigu Ísafjarðarbæjar.

Undirritaðar leggja til að þjónustuhópur aldraðra verði lagður niður hjá sveitarfélaginu á grundvelli ofanritaðs. Lagt er til að félagsmálateymi á velferðarsviði taki við því hlutverki þjónustuhóps að úthluta íbúðum á Hlíf og Tjörn á grundvelli fyrirliggjandi reglna en öldungaráð sinni hlutverki sínu samkvæmt lögum.

Jafnframt er lagt til að erindisbréfi velferðarnefndar og bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar verði breytt með tilliti til þessa.

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Sædís María Jónatansdóttir, deildarstjóri í félagsþjónustu